
Á döfinni

Draugar, lifandi og dánir

Rofið samband

Heimildin, 10.01.2025, síða 30.
grein stærð: 179.91 sm2
grein hæð: 10.08 sm

Undraland Ásmundar Sveinssonar

Hvar? Ásmundarsafn **Hvenær?** Laugardagur, 11. janúar kl. 15
Verð? Aðgangseyrir skv. verðskrá

■ Sýningin Ásmundur Sveinsson: Undraland verður opnuð um helgina en á henni hverfum við aftur í tímann og inn á vinnustofu Ásmundar. Verk hans urðu til í þrotlausri tilraunamennsku á vinnustofunni þar sem efni, inntak og rými kölluðust á. Þau eru ýmist hlutbundin eða abstrakt og fór Ásmundur í gegnum ýmis ólík tímabil í listsköpun sinni. Við fáum tilfinningu fyrir því sem gerðist á bak við tjöldin í leit listamannsins að útfærslu sem hentaði hverju sinni fyrir þær hugmyndir sem spruttu fram.

Undraland er verkefni tileinkað sögu Ásmundarsafns. Þar var heimili og vinnustofa Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara (1893–1982) sem hann hannaði sjálfur og byggði á árunum 1942–1950. Lóðin var í túnfæti bæjar sem hét Undraland. Ásmundur ánafnaði Reykjavíkurborg húsið og verk sín eftir sinn dag og var þar stofnað safn helgað minningu hans árið 1983. Þá fjóra áratugi sem listamaðurinn starfaði í húsinu var það vettvangur frjórrar listsköpunar. Skúli Helgason, formaður stjórnar Ásmundarsafns, opnar sýninguna en sýningarstjóri er Ólöf Kristín Sigurðardóttir.

Samhliða sýningunni Undraland hefst verkefni sem stendur yfir árið 2025 þar sem samtímalistamenn verða með verk í vinnslu í Undralandi. Fyrstur er Unnar Örn og þátttakendur í framhaldinu eru Ásta Fanney Sigurðardóttir, Halldór Ásgeirsson, Amanda Riffo og Sara Riel.



hugsum um framtíðina og
dagslegu hlutina sem sk
upp er staðið.
Fyrri sýning Be
fullu húsi í T
og var sýn
„Sturl
hu
ast
tæpa
uppistanc
um jafnt s
um á samfé
sjónvarps- c
glæný sýnin
nýjum hugsu
aðdáendum
inga vonbrigð
sýningarnar v
kosti til að by